

**Nd.**

**437. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Enda þótt jeg telji það miður, að efri deild hefir felt niður það spor, sem með frv. var stigið í þá átt að svifta menn ekki mannrjettindum fyrir atvik, sem þeim eru ósjálfráð, þá hefi jeg þó ekki viljað taka þetta atriði upp, af ótta við að fleyga málið.

Jeg tel stytting sveitfestistímans svo mikilvægt atriði, að nauðsyn beri til að koma því fram á þessu þingi.

Sú saga hefir einatt endurtekið sig, einkum í sveitahjeruðum, að menn hafa flutt sig á brott á unga aldri, slitið kröftum sínum í öðru hjeradi og komið síðan með ómegð á fæðingarsveit sína. Slikt er ranglátt og ósanngjarnt.

Jeg legg eindregið til, að sveitfestistíminn verði færður niður í 3 ár, og gæti enda gengið inn á meiri niðurfærslu, og byggi þá skoðun mína einkum á því, að það sje affarasælla fyrir þjóðsfelagið að hlynna að mönnum, þar sem þeir verða hjálparþurfa, heldur en að stjaka við þeim.

Að öðru leyti tel jeg rjettara að rökstyðja skoðun mina i framsögu en nefndaráliti.

Jeg legg því til, að frv. verði samþykkt með þessari einni

**BREYTINGU:**

Við 1. gr.

Orðin »eða styrk eftir þessum lögum« falli burt.

Alþingi, 24. apríl 1923.

Gunnar Sigurðsson.